# REGLUGERÐ

**um breyting á reglugerð nr. 511, 18. desember 1986, um útvarp samkvæmt tímabundnum leyfum.**

1. gr.

25. gr. orðist svo:

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 8. gr. og 38. gr. útvarpslaga nr. 68/1985 og öðlast gildi 1. janúar 1988. Reglugerð þessi gildir til 1. janúar 1989.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

*Menntamálaráðuneytið, 30. desember 1987.*

**Birgir Ísl. Gunnarsson.**

*Þórunn J. Hafstein.*

30. desember 1987 Nr. 608

# REGLUGERÐ

**um breyting á reglugerð nr. 512, 18. desember 1986, um auglýsingar í útvarpi.**

1. gr.

9. gr. orðist svo:

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 8. gr. og 38. gr. útvarpslaga nr. 68/1985 og öðlast gildi 1. janúar 1988. Reglugerð þessi gildir til 1. janúar 1989.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

*Menntamálaráðuneytið, 30. desember 1987.*

**Birgir Ísl. Gunnarsson.**

*Þórunn J. Hafstein.*

22. desember 1987 Nr. 609

# REGLUGERÐ

**um (6.) breytingu á reglugerð um greiðslur almannatrygginga á lyfjakostnaði nr. 246/1982.**

1. gr.

Við 2. gr., 3. tl. bætist nýr stafliður, er hljóðar svo:

„b. Heimilt er að greiða að fullu lyf, sem sjúklingum er nauðsynlegt að nota að staðaldri (t.d. Turner's Syndrome), jafnvel þótt þau séu ekki auðkennd sérstaklega í lyfjaverðskrám, sbr. tl. 1 hér að framan.“